



Sveitarfélagið Vogar

Fjárhagsáætlun 2010

Þriggja ára rammaáætlun 2011-2012

Seinni umræða 17. desember 2009

Greinargerð með fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Voga fyrir árið 2010

Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Voga var lögð fram til fyrri umræðu þann 26. nóvember 2009 og seinni umræðu 17. desember 2009. Haldinn var opinn íbúafundur um fjárhagsáætlun og ráðstafanir í tengslum við hana þann 15. desember.

Í áætluninni birtist sú stefna sem mörkuð var í upphafi efnahagskreppunnar að tryggja grunnþjónustu sveitarfélagsins á sviði félags- og fræðslumála og leitast við að tryggja gott atvinnustig í Vogum og á Suðurnesjum.

Skipaður var þverpólitískur vinnuhópur sem undirbjó áætlunina. Með hópnum vann bæjarritari. Fundurinn kom saman til fyrsta fundar þann 13. ágúst og hélt 12 fundi. Að loknum 6. fundi varð breyting á skipan fulltrúa í hópnum, en fulltrúar H-lista ákváðu að halda samstarfinu ekki áfram og voru formenn fagnefnda skipaðir í hópinn í þeirra stað.

Hópurinn kom sér saman um vinnureglur og meginmarkmið og lagði fram tillögur til hagræðinga og breytinga á rekstri, ásamt tillögum um breytingar á gjaldskrá og álagningarhlutföllum. Tillögur hópsins og aðgerðaáætlun er grunnurinn að áætlun ársins.

Almennar forsendur

Við áætlanagerðina er byggt á rauntölum ársins 2008 og útkomuspá fyrir árið 2009. Forstöðumenn skiluðu inn starfsáætlunum fyrir sína málaflokka sem vinnuhópurinn fór yfir. Vinnuhópurinn, bæjarráð, bæjarritari og bæjarstjóri hafa farið yfir tillögur þeirra og gert breytingar.

Áætlað er að skattstofnar standi nánast í stað frá árinu 2009. Gert er ráð fyrir að launakostnaður lækki um 9% milli ára og annar rekstrarkostnaður lækki um 13%.

Við áætlanagerðina var stefnt að því að rekstrarhalli minnkaði um a.m.k. 40 milljónir milli ára. Samkvæmt áætluninni er gert ráð fyrir að rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða batni um nærri 80 milljónir milli ára.

Atvinnuástandið í sveitarfélaginu hefur ekki verið gott undanfarið ár. Að jafnaði eru milli 60 og 70 einstaklingar á atvinnuleysissskrá í Vogum. Um 20% þeirra eru í hlutastörfum.

Ekki var gert ráð fyrir íbúafjölgun á árinu 2009 og hefur það gengið eftir. Mest allt árið voru íbúar á bilinu 1.210-1.220, en þann 1. desember eru íbúar í Vogum 1.196. Á árinu 2010 er gert ráð fyrir sambærilegri þróun.

Fasteignamat frá Fasteignamati ríkisins hækkar um 8% milli ára, en lagt er til að fasteignaskattar lækki á móti til að koma til móts aukinn fasteignakostnað íbúa.

Skatttekjur og aðrar tekjur

Gert er ráð fyrir litlum breytingum á skatttekjum milli ára. Útsvarsstofninn verði áfram veikur vegna atvinnuleysis, og hækkun á fasteignamati verði mætt með lækkun fasteignaskatts. Viðbúið er að hækka þurfi álaninguna aftur að ári ef fasteignamat lækkar.

Seinni umræða

Í fjárhagsáætlun 2010 er gert ráð fyrir að skatttekjur verði um 338 milljónir og Jöfnunarsjóðsframlög um 141 milljónir. Skatttekjur og jöfnunarsjóðsframlög verða þannig um 3 milljónum hærrí en árið 2009.

	Áætlun	
	2009	2010
Íbúafjöldi	1.225	1.225
Útsvar	-287.040	-291.000
Fasteignaskattur	-40.139	-46.800
Skatttekjur	-327.190	-337.801
Framlög úr Jöfnunarsjóði	-148.251	-141.00
Skattaígildi Lóðarleiga	-11.888	-14.029
Skatttekjur alls	-461.324	-466.255

Gert er ráð fyrir að aðrar tekjur, svo sem þjónustugjöld, hækki um 5%.

Rekstrargjöld:

Gert er ráð fyrir að rekstrarkostnaður lækki um 67 milljónir á milli ára. Mest er lækkunin í málaflokki 06- íþróttá- og tómsundamálum.

Laun og launatengd gjöld eru áætluð 52,5% af tekjum, og annar rekstrarkostnaður 51,25%. Er það mikill viðsnúningur frá fyrri árum. Afskriftir eru áætlaðar tæplega 5 %. Rekstrargjöld samstæðu án fjármagnsgjalda eru áætluð kr. 648 milljónir eða 108% af áætluðum heildartekjum ársins 2010 sem eru kr. 598 milljónir. Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða er áætluð neikvæð kr. 49 milljónir. Rekstrarniðurstaða með fjármagnsliðum er hins vegar áætluð jákvæð um kr. 13,5 milljónir. Veltufé frá rekstri er áætlað að verði kr. 68,5 milljónir.

Fjárfestingar:

Gert er ráð fyrir töluverðum fjárfestingum á árinu 2010 við gerð nýrra útrása fyrir fráveitu, uppbyggingu á íþróttasvæði og endurgerð gatna. Þau verkefni mun skapa störf á uppbyggingartíma, en ekki auka rekstrarkostnað sveitarfélagsins að ráði

Við ákvörðun um fjárheimildir til fjárfestinga er settur rammi sem gerir ráð fyrir að Eignasjóður fjárfesti fyrir um 28 milljónir kr. að teknu tilliti til söluhagnaðar af Iðndal 2. Fráveita fjárfesti fyrir um 70 milljónir.

Lántaka og greiðslubyrði lána:

Greiðslubyrði lána er reiknuð út frá stöðu langtímalána og skilmálum sem á þeim eru. Ekki er gert ráð fyrir lántöku á árinu. Til skoðunar er að greiða upp öll langtímalán sveitarfélagsins á nýju ári, en áhrif þeirrar aðgerðar eru ekki metin inn í áætlunina. Því er gert ráð fyrir endurskoðun komi til uppgreiðsna.

Samtals er greiðslubyrði vegna langtímaskulda með fjármagnsgjöldum áætlaðar um 60 milljónir kr. kr. eða um 10% af áætluðum heildartekjum ársins. Leigugreiðslur vegna rekstrarleigu á húsnæði eru áætlaðar um 110 milljónir kr. eða um 19% af áætluðum heildartekjum ársins.

Meginstefna fjárhagsáætlunar 2010:

Sem er fyrr er stefnan að byggja upp fjölskylduvænt samfélag í Sveitarfélaginu Vogum og verja grunnþjónustu í félags- og fræðslumálum. Sú stefna sem mörkuð var með innleiðingu gjaldfrjálsra skólamáltíða, endurnýjun upplýsingatæknikerfa í Stóru- Vogaskóla, tvöföldun niðurgreiðslna til dagforeldra og nýrri leikskóladeild ber þess glöggt merki að áherslurnar eru á þjónustu við börn. Sveitarfélagið veitir mjög mikla þjónustu, ekki síst í samanburði við önnur sveitarfélög af sambærilegri stærð.

Ljóst er að sú þjónusta kostar meira en skattgreiðslur standa undir. Því er nauðsynlegt að leita allra leiða til að auka tekjur sveitarfélagsins með fjölgun skattgreiðenda í framtíðinni. Einn stærsti liðurinn í þeirri viðleitni er að auka verslun og þjónustu í sveitarfélaginu. Um leið og tækifæri gefst til slíkrar uppbyggingar er allt skipulag og undirbúningur til reiðu af hálfu sveitarfélagsins.

Í áætluninni er lögð mikil áhersla á að draga úr kostnaði og þar með halla á reglubundinni starfsemi sveitarfélagsins. Gert er ráð fyrir verulegri hagræðingu sem án vafa mun hafa áhrif á þjónustu í sveitarfélaginu. Mikilvægt er að starfsmenn og stjórnendur verði samstíga í aðgerðum og vakandi fyrir öllum leiðum til að sinna störfum með hagkvæmari hætti.

Ekki má gleyma því að þónokkur hagræðing fór fram á árinu 2009 og því mikilvægt að taka mið af þeim við frekari aðgerðir, svo ekki verði hoggið oft í sömu knérunn.

Vinnuhópur um fjárhagsáætlun hefur lagt fram fjölmargar tillögur til hagræðingar sem unnar verða áfram með bæjarráði og forstöðumönnum stofnanna á næstu misserum.

Þriggja ára áætlun 2011-2013

Áætlað er að íbúum fjölgi árlega að meðaltali um 2-3% á ári og tekjur bæjarins af útsvari og fasteignagjöldum hækki samsvarandi. Íbúafjöldi í lok tímabilsins verði um 1.300.

Mikil óvissa er um þróun atvinnustígs, en búist er við að uppbygging í tengslum við álver í Helguvík og þróun á Keflavíkurflugvelli muni skapa ný störf á tímabilinu og atvinnuleysi verði hverfandi.

Ekki er gert ráð fyrir magnaukningu í þjónustu og því er rekstrarkostnaður áætlaður sá sami yfir tímabilið. Unnið verður að hagræðingaraðgerðum í samræmi við áherslur í fjárhagsáætlun ársins 2009 og 2010.

Áhersla er lögð á fjárfestingar sem skapa atvinnu, en auka ekki rekstrarkostnað.

Gert ráð fyrir fjárfestingum í veitum og íþróttasvæðum, en framkvæmdum við fasteignir, svo sem skóla, leikskóla og bæjarskrifstofur verði frestað til 2013.

Halli af reglulegri starfsemi fer minnkandi á tímabilinu og næst fram rekstrarafgangur árið 2012.

Fjárfestingarammi um 100 milljónir á ári, lækkar árið 2013.